



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : La Finca Golf

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 3

Byggingarár : 2023

Sundlaug : Einka

Garður : Já

Eignin snýr : Á ekki við

Útsýni : Golfvöllur

Bílastæði : Bílskúr

Fermetra stærð eignar : 203,22 m²

Stærð lóðar : 462 m²

Stærð verandar : 179,35 m²

Flugvöllur : 40 min

Strönd : 15 min

Borg : 10 min

Golf : 2 min

- ✓ Geymsla
- ✓ Sólarorka
- ✓ Útigrill
- ✓ Innbyggð loftkæling

- ✓ Hiti í gólf
- ✓ Bílskúr
- ✓ Verönd

- ✓ Öryggiskerfi
- ✓ Kjallari
- ✓ Fataherbergi

Einstaklega fallegt og vel staðsett 203,22m² einbýlishús í fyrstu línu við golfvöllin La Finca í Algorfa á suður Costa Blanca ströndinni. 3 svefnherbergi eru í húsinu en þar af er eitt á efstu hæð, sannkölluð hjónasvíta með útgengi á verönd með glæstu útsýni yfir golfvöllinn, stóru fataherbergi og sér baðherbergi, að auki eru 2 baðherbergi á neðri hæð, hiti er í gólfum í öllu húsinu.

Stórt alrými þar sem flæðið á milli eldhúss, borðstofu og stofu er mjög gott og þaðan er gengið út í glæsilegan garð sem hefur að geyma svokallað "infinity" sundlaug, stóra verönd með grilli aðstöðu og notalegu slökunarsvæði og ekki má gleyma golfvöllinum sem er við enda garðsins.

Í kjallara hússins sem er 195,50 m² að heildarstærð er svo stór 67,85 m² bílskúr en þar er pláss fyrir 2 bíla og mjög stórt rými sem tilvalið væri að nota sem tómstundarherbergi, líkamsrækt eða vinkjallara eða vinnuáðstöðu.

Þjóðum uppá mikið úrval eigna í þessu glæsilega hverfi.

Gæði eignarinnar, staðsetning og nálægð við alla þjónustu gera eignina þína að hinum fullkomna áfangastað hvort sem er til skammtíma eða langtíma dvalar.

Í næsta nágrenni við hverfið finnurðu alla nauðsynlega þjónustu í bænum Algorfa, s.s. veitingastaði, súpermarkaði, almenningssamgöngur o.fl. En auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Hafirðu áhuga á að spila golf, þá ertu komin á rétta staðinn, hvort sem þú villt spila heimavöllinn þinn La Finca, eða reyna við aðra velli í nágrenninu, en 8 átján holi vellir eru í innan við 20 mínútna fjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

